



### Alþýðusambandið vill róttækar breytingar á skattkerfinu

ASÍ telur að skattkerfið eigi á hverjum tíma að tryggja jöfnuð og réttláta skiptingu á fjármögnun velferðar og sameiginlegra verkefna. Það er staðreynd að á síðustu árum hefur skattbyrði launafólks aukist umtalsvert. Aukningin er lang mest hjá þeim sem hafa lægstar tekjur. Þetta hefur gerst á sama tíma og verkalyðshreyfingin hefur gert kjarasamninga sem var sérstaklega ætlað að bæta kjör lægst launuðu hópanna. Skattkerfið hefur því beinlínis unnið gegn markmiðum kjarasamninga um að bæta stöðu láglaunafólks og auka jöfnuð. Við þetta verður ekki unað.

ASÍ leggur áherslu á að gerðar verði gagnngerar breytingar á tekjuskattkerfinu samhliða verulegri hækkun barnabóta og húsnæðisstuðnings. Þannig verði jöfnunarhlutverk skattkerfisins aukið til muna og dregið úr skattbyrði lág- og millitekjufólks.

### Skattatillögur ASÍ

- Í skýrslu hagdeildar ASÍ sem gefin var út haustið 2017 var skattbyrði launafólks rakin frá árinu 1998. Niðurstaða skýrslunnar var að skattbyrði launafólks hefur aukist á síðustu áratugum og mest hefur aukningin orðið hjá tekjulægstu hópunum<sup>1</sup>.
- Rekja má þróunina til þriggja þátta:
  - Samspils launaþróunar og persónuafsláttar sem leitt hefur til raunlækkunar skattleysismarka yfir tíma.
  - Minni fjölskyldustuðnings í gegnum veikingu barnabótakerfisins með minni fjármunum og auknum skerðingum.
  - Minni húsnæðisstuðnings í gegnum veikingu vaxta- og húsnæðisbótakerfisins með minni fjármunum og auknum skerðingum.
- Skatta- og tilfærslukerfin gegna lykilhlutverki í að draga úr ójöfnuði<sup>2</sup> og hefur skattastefna undanfarinna áratuga því unnið gegn markmiðum um jöfnuð og dregið úr ábata þeirrar kjarastefnu sem miðað hefur að því að bæta kjör hinna tekjulægstu.

### Skattbreytingar í þágu vinnandi fólks

- ASÍ leggur til breytingar á tekjuskattkerfinu sem auka jöfnuð og bæta lífskjör þorra almennings. Breytingarnar hefðu jákvæð eða hlutlaus áhrif á 95% einstaklinga á vinnumarkaði. Tillögurnar byggja á að:
  - Skattþrepum verði fjölgað í fjögur og fjórða þrepið verði hátekjuþrep.
  - Skattleysismörk hækki og fylgi launaþróun.

<sup>1</sup> Sjá nánar skýrslu Hagdeildar ASÍ, "Skattbyrði launafólks 1998-2016", <https://www.asi.is/media/313630/skattbyrði-launafólks-1998-2016.pdf>

<sup>2</sup> Líkt og OECD hefur bent á, „Tax and transfer systems play a key role in lowering overall income inequality. Three quarters of the average reduction in inequality they achieve across the OECD is due to transfers“

- Breytingarnar auki ráðstöfunartekjur mest hjá einstaklingum sem hafa laun undir 500 þúsund kr. á mánuði.
- Barnabótakerfið verði eftt til muna þannig að það styðji við meginþorra barnafólks.
  - Dregið verði verulega úr tekjuskerðingum og tekjuskerðingamörk fylgi launaþróun.
- Endurreisa þarf húsnæðisstuðningskerfin.
  - Koma þarf í veg fyrir að sveiflur í eignaverði hafi áhrif á húsnæðisstuðning og afkomu þeirra sem reiða sig á kerfið.

#### **Ekki verði þrengt að samneyslu og félagslegum innviðum**

- Tryggja þarf að skattkerfisbreytingin leiði ekki til þess þess að þrengt verði að samneyslunni og innviðum velferðar. Til að mæta tillögnum getur hið opinbera horft til nokkurra mögulegra tekjuöflunarleiða:
  - Auknar ráðstöfunartekjur hinna tekjulágu munu koma fram í auknum neyslusköttum hins opinbera.
  - Hækka þarf fjármagnstekjuskatt og auka samræmi í skattlagningu á fjármagn og launatekjur.
  - Tekinn verði upp auðlegðarskattur.
  - Notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt afgang.
  - Skattaeftirlit verði aukið til muna og brugðist verði við kennitölufлакki.